



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Kjötsúpupotturinn



Kjötsúpuhátiðin 30. - 31. ágúst 2013



Framfarir og miklar samfélagsbreytingar

Á þessu ári höfum við minnst þess að 2. september n.k. eru liðin 80 ár frá því að hafin var bygging fyrsta íbúðarhússins á Hvolsvelli. Húsið heitir Arnarhovoll og er við Hvolsvog 30. Áður hafði Kaupfélag Hallgeirseyjar reist hér verslunartíbú sem í daglegu tali er kölluð Gamla búðin. Það er ánægjulegt að báðum þessum húsum er vel við haldið og eru eigendum til mikils sóma en húsin varðveita langa og merka sögu byggðarlagssins. Það má með sanni segja að Hvolsvöllur sé bein framlenging á gömlu dreifbýlishreppunum enda kaupúnið miðstöð verslunar og þjónustu á svæðinu. Margir íbúanna eiga einmitt rætur sínar að rekja til þeirra hreppa og algengt er að þegar menn bregða búí í dreifbýlinu flytji þeir á Hvolsvöll og er ánægjulegt að fylgjast með hve virkir þeir eru í samfélaginu. Þess eru einnig dæmi um að þéttbýlisbúar flytji í dreifbýlið og hefji hefðbundinn búskap með góðum árangri. Enn má finna fólk á sem teljast nánast frumbyggjar á Hvolsvelli og nokkrir íbúar eru fæddir í húsum foreldra sinna en ekki á sjúkrahúsum eins og síðar tíðkaðist. Elsti íbúinn á Hvolsveginum hefur búíð þar í 71 ár en ætlaði einungis að vera á Hvolsvelli í þrjá mánuði. Elsta

kynslóðin og börn þeirra eru í raun eins og ein fjölskylda og sem betur fer ríkir bæði eindrægni og samheldni í þéttbýli sem og í dreifbýli sem er mikils virði. Það er ekkert óeðlilegt þó að menn hafi mismunandi skoðanir á hlutunum, það er manlegt og eðlilegt, en samheldni og samhugur er grundvallaratriði. Þetta kom einkar vel fram í eldgosinu í Eyjafjallajökli og einnig þegar eitthvað bjátar á í samfélaginu. Við verðum einnig að gæta þess að eftir sameiningu er Rangárbíng eystra eitt samfélag sex fornra hreppa og í flestum tilfellum virðist sameiningin hafa tekist með ágætum, skólar sveitarfélagsins eru einir af styrku stöðunum í þeim efnunum. Kaupfélag Rangæinga var hér lengi langstærsti atvinnurekandinn og bryddaði upp á fjölmörgum nýjungum í atvinnu og ýmsu öðru. Þannig þykir merkilegt að á áttunda áratugnum reisti kaupfélagið yfir 40 einbýlishús sem það seldi á afar sanngjörnu verði og þeir sem þau keyptu sluppu við verðtrygginguna sem nú er mjög til umræðu í landinu. Nú er Sláturfélag Suðurlands langstærsta atvinnufyrirtækið á staðnum og er líklegt að þegar frystihús var reist hér í kringum 1960 hafi grunnurinn verið lagður að þeirri starfsemi félagsins.

Kauptúnið hefur stækkað í árána ráðs og nú búa liðlega 900 manns á Hvolsvelli. Þó að landbúnaður og úrvinnsla hans sé grundvallaratvinnuvegur hefur ferðaþjónusta vaxið og dafnað hér í takt við þjóðfélagsbreytingar. Óskar heitinn Sigurjónsson var ákveðinn frumkvöðull þegar þar er komið sögu sem og hótélrekstur sem í upphafi var í höndum Rannveigar og Ólafs Ólafssonar. Síðan hefur ferðaþjónustan þróast stig af stigi. Ótrúlegar tæknibreytingar á öllum sviðum hafa átt sér stað á þessum 80 árum. Við verðum svo sannarlega að hafa okkur öll við til þess að fylgjast með nýjungum og nýjum straumum. Enda verða allir að átta sig á því að kyrrstaða, þó að okkur geti liðið þokkalega í henni, leiðir til stöðunar. Það eru sem betur fer fjölmörg framtíðarverkefni sem bíða okkar og næstu kynslóðar. Það er von okkar og trú að sveitarfélagið okkar megi dafna og blómstra hvort heldur að við búum í dreifbýlinu eða þéttbýlinu, hvor getur ekki án hins verið.

Íbúum sveitarfélagsins er boðið í afmæliskaffi í Félagshéimilinu Hvoli sunnudaginn 1. september n.k. Til hamingju með afmælið.

Ísólfr Gylfi Pálmason, sveitarstjóri.

DAGSKRÁ

Föstudagur

- 19:00 Súpuröltið hefst
22:00 - 24:00 Harmonikkuball í Hvolnum

Laugardagur

- 10:00 Sunnlenski sveitamarkaðurinn opnar
12:30 Öðruvísi en þeir taka á móti gestum hátíðarinnar
13:00 Setning – formaður Kjötsúpunefndar
13:10 Elínborg Önundardóttir tekur lagið
13:30 Hrepparígur
14:00 Fótboltasprell – Ingó lýsir leiknum
14:20 Unnur Þöll Benediksdóttir syngur
14:30 Umhverfisverðlaun Rangárbings eystra
14:40 Verðlaun fyrir bestu ljósaskreytinguna afhent
15:00 – 16:00 SS súpur framreiddar
15:10 Söngkeppni barnanna
15:40 Ívar Máni og Guðgeir rappa
15:50 Ingó og Veðurguðirnir
16:10 – 17:00 Kassabílarall – verðlaun

Aðrir viðburðir á laugardeginum

- 10:00 – 16:00 Opið hús hjá Húsið Guesthouse og í Skálakoti
10:00 – 18:00 Handverksala og flóamarkaður í Sveitamarkaðnum
Kaffisala – Kvenfélagið Fjallkonan
Ljósmyndasýning í Bragga
13:00 – 17:00 Veltibíll
13:00 – 17:00 Vélhjólaklúbbur
20:30 Brenna við Ormsvöll
23:00 Ball með Ingó og Veðurguðunum.
20 ára aldurstakmark



SS býður upp á súpu

Hátíðin dregur nafn sitt af dýrindis kjötsúpu sem Sláturfélag Suðurlands hefur boðið upp á af miklum rausnarskap fyrir gesti og gangandi. Í ár verður engin breyting á því og byrjað verður að ausa upp úr pottinum kl. 15:00 á laugardeginum.



Ljósaskreytingakeppni

Eins og undanfarin ár verður ljósaskreytingakeppni með veglegum verðlaunum frá Rafverkstæði Ragnars. Valdir hafa verið tengiliðir fyrir hverja götu sem sjá um að hafa samband við íbúa gatnanna til að samræma ljósaskreytingar og/eða aðrar skreytingar, liti, þema eða annað þessháttar. Ljósaskreytingarnar verða að hanga uppi frá fimmtudegi fram á sunnudag. Sérstök dómnefnd mun sjá um að velja flottustu ljósaskreytinguna. Vonast nefndin til að sem flestir sjái sér fært að taka þátt og búa til skemmtilega stemningu. Íbúar í dreifbýlinu eru hvattir til að taka þátt í ljósaskreytingakeppninni og tilkynna þátttöku sína á netfangið arnylara@hvolsvollur.is.



Harmonikkuball

Harmonikkufélag Rangæinga mun þenja nikkurnar í Hvolnum á föstudagskvöldinu frá kl. 22:00 – 24:00. Tilvalið er að enda súpurölt kvöldsins á skemmtilegum fjölskyldudansleik

Súpurölt

Vinsældir súpuröltsins hafa stóruakist með ári hverju og verður það á föstudagskvöldinu frá kl. 19:00. Sérstök skilti verða sett upp á gangstéttirnar fyrir framan húsin þar sem súpa verður í boði. Gífurleg stemning myndast þegar íbúar rölta á milli húsa, hitta mann og annan, skoða skemmtilegar skreytingar og gæða sér á gómsætum súpum. Allir íbúar sveitarfélagsins eru hvattir til að koma og taka þátt í bæjarröltinu.

Þeir sem áhuga hafa á að bjóða upp á súpu eru vinsamlegast beðnir að tilkynna þátttöku sína á netfangið arnylara@hvolsvollur.is fyrir miðvikudaginn 28. ágúst svo hægt verði að auglýsa hvar súpur verða.

Súpuskálar og skilti til auðkennis er hægt að nálgast á skrifstofu sveitarfélagsins.



Kjötsúpuhátið- Ljósmyndasýning

Í tengslum við Kjötsúpuhátið og 80 ára afmælis Hvalsfallar hefur verið ákveðið að efna til ljósmyndasýningar með myndum af íbúum á öllum aldri og húsakosti á Hvalsfalli árið 2013.

Til að það geti orðið langar okkur að biðja ykkur að fara af stað með myndavélina og taka myndir.

Hægt er að senda myndir á netfangið: arnylara@hvolsvollur.is.

Einnig má skila myndum útprentuðum í stærð A4 eða A5 á skrifstofu Rangárþings eystra með upplýsingum um eiganda myndar og myndefni.

Myndirnar verða síðan til sýnis í bragganum á hátíðinni.

Skilafrestur er til og með 28. ágúst.

Kynnir



Kynnir á hátíðinni verður Ingólfur Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó Veðurguð

og mun hann stjórna dagskránni af sinni alkunnu snilld.

Postularnir



Bífhjólasamtökin Postularnir munu opna hátíðina með því að aka um þorpið á fákum sínum og enda aksturinn klukkan 13:00 fyrir utan Sveitamarkaðinn þar sem dagskrá hátíð-

arinnar hefst.

Kaffisala



Kvenfélagið Fjallkonan – Austur Eyjafjöllum mun selja kaffi og kleinur á laugardeginum í bragganum.



Söngkeppni barnanna

Börnin fá tækifæri til að stíga á stökk og keppa í söngkeppni á hátíðinni. Í ár verður settur listi á heimasíðu Rangárþings eystra með lögum sem börnin geta valið úr. Hægt er að skrá börnin til leiks hjá Árnýju Láru í s: 488 4200 og á netfanginu arnylara@hvolsvollur.is.



Kassabílarally

Margir skemmtilegir bílar hafa tekið þátt í kassabílarallyinu og auðséð er að sköpunargáfan er allsráðandi við smíði þessara fjölbreyttu bíla. Verðlaun fyrir frumlegasta bílinn og fljótasta bílinn. Skráning á staðnum.



Brenna

Í ár verður kveikt í brennunni á laugardagskvöldinu klukkan 20:30.

Brennan verður á sínum sama stað við Ormsvöll.

Gaman væri ef sem flestir kæmu með einhverskonar hljóðfæri og tækju þátt í að mynda skemmtilega stemningu.



Opið hús

Húsið Guesthouse í Fljótshlíðinni og Skálakot V-Eyjafjöllum verða með opið hús, frá 10 – 16 á laugardeginum í til efni hátíðarinnar. Þar gefst fólki kostur á að koma og skoða starfsemi þessara ferðaþjónustuaðila.



Veltibíllinn

Tryggingarmiðstöðin býður gestum að prófa Veltibíllinn og upplifa bílveltu þannig að fólk geti gert sér grein fyrir mikilvægi bílbeltanotkunnar.

Bíllinn verður staðsettur á miðbæjartúninu.



Góða skemmtun!

Kjötsúpuball

Ingó og Veðurguðirnir

verða með Kjötsúpu-pokaball í Hvolnum þetta árið og halda uppi gífurlegri stemningu frá kl. 23:00 og fram eftir nóttu.

Aldurstakmark 20 ár.



Rangárbing eystra
Hlíðarvegur 16
860 Hvolsvöllur

Sími: 488-4200 - Fax: 488-4209

Vefur: www.hvolsvollur.is

Umsjón: Árný Lára Karvelsdóttir,
Arna Þöll Bjarnadóttir

Forsíðumyndir: Þorsteinn Valsson

Ábyrgð: Ísólfur Gylfi Pálmason



Hvolsvöllur 80 ára

Hátíðarhöld

1. september vegna 80 ára afmælis Hvolsvallar

Kl. 10.30 Samverustund á gamla róló – Sr. Öundur Björnsson blessar mannskapinn áður en gengið er um fyrstu götur Hvolsvallar – leiðsögumenn eru Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri og Aðalbjörn Kjartansson.

Kl. 13.30 Vígsla nýju álmunnar í íþróttamiðstöðinni við Vallarbraut 16. Sr. Öundur Björnsson blessar bygginguna – sveitarstjóri afhendir umsjónarmanni íþróttamiðstöðvarinnar lykla að byggingunni.

Kl. 15.00 Hátíðardagskrá í Félagsheimilinu Hvoli

- Boðið upp á kaffi og afmælistöku
- Í anddyri kynning á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi
- Tónlistaratriði
- Sýning á myndum úr sögu Hvolsvallar
- Ljósmyndavefur kynntur
- Saga Hvolsvallar rakin í stuttu máli með upplestri og leik
- Gestum boðið að gæða sér á afmælistertu
- Hvolsvallarlög flutt

17:00 Samkomunni slitið